

Starfsáætlun leikskólans Höfðabergs 2024 – 2025



Höfðaberg
Æðarhöfði 2
S:5784499

<https://mos.is/ibuar/born-og-ungmenni/leikskolar/hofdaberg>
tinnarun@lagafellsskoli.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Formáli.....	2
1. Ávarp leikskólastjóra	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	4
2.1 Matsáætlun	4
2.2 Innra mat leikskólans á leikskólastarfi.....	4
2.3 Ytra mat.....	5
2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	6
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	7
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	7
4. Starfsmannamál	8
4.1 Starfsmannahópurinn 2024.....	8
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	8
4.3 Símenntun síðasta árs	9
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	9
5. Aðrar upplýsingar	10
5.1 Barnahópurinn.....	10
5.2 Foreldrasamvinna.....	10
5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir	11
5.4 Almennar upplýsingar	11

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

1. Ávarp leikskólastjóra

Þegar litið er yfir síðasta skólaár í Höfðabergi þá er þakklæti ofarlega í huga. Með góðu samstarfi starfsfólks og foreldra hefur skólastarfið gengið vel þrátt fyrir ýmsar áskoranir og breytingar. Foreldrar hafa aðstoðað okkur með þær miklu breytingar sem hófust síðastliðið haust þegar skráningardagar hófust í Mosfellsbæ. Jákvæðni foreldra gagnvart þessu verkefni hefur gert okkur kleift að senda langflesta starfsmenn í föstu starfi í styttingu seinnipartinn á föstudögum ásamt því að starfsmenn taka út styttingu á þeim tíu heilu skráningardögum sem eru yfir skólaárið. Með þessum breytingum þá erum við ekki lengur að dreifa styttingunni yfir á alla daga vikunnar sem hafði áhrif á starfið með börnunum ásamt tilheyrandi manneklu sem því fylgdi. Sem dæmi þá þurftum við ekki að senda börn heim vegna manneklu síðasta vetur.

Starfið gengur vel og höfum við síðustu ár verið að vinna að því að þróa kennsluáætlanir allra árganga. Í vor ákváðum við að taka þemastarfið skrefinu lengra og allar deildir völdu sér þema til að vinna að á vormánuðum. Sú vinna gekk vonum fram og höfum við ákveðið að taka inn fast þemastarf þrisvar sinnum yfir skólaárið. Fyrsta lotan hófst nú í septembermánuði. Með þessari þemavinnu hafa vettvangsferðir aukist til muna og höldum við áfram að leggja áherslu á að börn og starfsmenn kanni nærumhverfi leikskólans.

Mannauðurinn í Höfðabergi er mikill sem skilar sér í metnaðarfullu leikskólastarfi. Starfsfólkið leggur sig fram um að veita börnunum góða kennslu ásamt því að sýna þeim umhyggju og hlýju. Niðurstöður starfsmannakannana sem nú eru framkvæmdar á tveggja mánaða fresti halda áfram að sýna að starfsánægja er mikil í Höfðabergi.

Gaman er að segja frá því að við réðum inn þrjá leikskólakennara sem hófu störf hjá okkur nú í haust. Að öðru leyti gengu ráðningar hægt. Við höfum þó náð að fullmanna stöður þótt einhverjir starfsmenn eigi ennþá eftir að hefja störf.

Við erum því spennt að takast á við skemmtilegar áskoranir vetrarins og leitumst við að gera gott leikskólastarf enn betra.

Tinna Rún Eiríksdóttir
Leikskólastjóri Höfðabergs
Mosfellsbæ

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Matsáætlun

Skólaárið 2024-2025 munum við meta:

Þemastarf

Við enduðum skólaárið 2023-2024 á þemamánuði þar sem deildirnar ákváðu þema sem þau vildu vinna með. Bæði börn og starfsfólk voru mjög áhugasöm og við sáum aukna gleði í starfinu. Ákveðið var út frá því hversu vel gekk, að innleiða þemastarf meira inn í skólastarfið. Þemamánuðir eru þrisvar yfir árið þar sem yfir þemað er fyrirfram ákveðið. Það er svo í höndum starfsfólks og barnahópsins að finna út í sameiningu hvar áhuginn liggur og hvað þau vilja vinna frekar með. Þegar unnið er með þema í ákveðinn tíma gefst kostur á dýpka þekkingu barnanna á efniviðnum og leyfa áhuga þeirra að leiða þekkingarleitina áfram. Með þemamánuðunum er einnig verið að brjóta upp skólastarfið og gefa skipulögðum stundum frí en jafnframt er verið að nota námsefnið frá þeim stundum inn í þemavinnuna. Einnig er lögð áhersla á vettvangsferðir í þemastarfinu. Þemastarfið verður metið eftir hverja þemalotu.

Vettvangsferðir

Endurmat síðasta skólaárs sýndi fram á að vinna í kringum vettvangsferðir skilaði góðum árangri og var farið oftari í vettvangsferðir á síðasta skólaári en árin þar á undan. Við ætlum að byggja á þeim grunni og halda áfram að fara markvisst í vettvangsferðir í hverjum mánuði. Einnig erum við að tengja vettvangsferðir við þemastarfið, sem er farið í þrisvar yfir árið í mánuði í senn, og er þá farið oftari í vettvangsferðir í tengslum við þemavinnuna.

2.2 Innra mat leikskólans á leikskólastarfi

Skólaárið 2023- 2024 voru eftirfarandi þættir metnir:

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir hafa verið í þróun í Höfðabergi síðustu ár. Við höfum verið að þróa samfellu á milli aldurshópa vegna breytinga á aldurshópi skólans. Við höfum stofnað ýmis teymi til þess að halda utan um faglegt starf skólans.

Teymin eru Blær, Lubbi finnur málbein, stærðfræði, málörvun, vettvangsferðir og þemateymi.

Þessi teymi hafa lagt fram kennsluáætlanir fyrir starf vetrarins sem starfsmenn vinna eftir.

Kennsluáætlanir eru í stöðugri þróun og því metnar tvisvar á hverju skólaári, eftir haustönnina og eftir vorönnina.

Mat á kennslustundum fer fram á þann hátt að hópstjóri skrifar niður mat eftir hverja kennslustund.

Deildin fer svo yfir matið áður en skilað er til teymisstjóra. Teymið sér að lokum um úrvinnslu gagna.

Þetta skipulag hefur gengið mjög vel og höfum við því ákveðið að halda áfram með þær í sama formi.

Þessar áætlanir hafa gert óvönum starfsmönnum kleift að taka betur þátt í starfinu og geta þeir stýrt þessum stundum þar sem kennsluáætlanir eru ítarlegar og útskýra vel hverja

kennslustund.

Skipulag útiveru

Höfðaberg stækkaði um tvær deildir fyrir ári síðan. Vegna fjölgunar barna, þá þurftum við að endurskoða skipulag útiveru. Til að öll börn fái að njóta sín í útiveru þarf að sjá til þess að fjöldi barna í útiveru sé nokkuð jafn. Áður voru 5 ára börnin með sér útiveru og 3ja og 4ja ára deildir saman í útiveru.

Í nýja skipulaginu sem við tókum upp síðasta vetur er deildum blandað saman í útiveru og það skiptist eftir dögum hvaða 3ja og 4ja ára deildir fara út með 5 ára börnum.

Með þessu nýja skipulagi þá er fjöldi barna í útiveru svipaður og eins er meiri blöndun milli allra árganga og deilda í útiveru.

Þetta skipulag hefur gengið vel. Ánægja er með hversu vel blöndunin hefur tekist. Við unnum jafnframt með það að hver deild sér um ákveðið svæði í garðinum til þess að tryggja góða yfirsýn á öllum svæðum.

Við munum halda áfram að vinna eftir þessu skipulagi.

Vettvangsferðir

Teymistjóri setti upp áætlun fyrir vettvangsferðir síðasta skólaár. Með þessari áætlun urðu vettvangsferðir markvissari og tíðari.

Við höfum hug á að byggja enn frekar á þeim grunni. Við höfum hug á að efla vettvangsferðir enn frekar. Með nýju þemaskipulagi sjáum við fyrir okkur að vettvangsferðir muni aukast.

Endurmenntun starfsmanna

Við nýttum starfsdaga og vinnukvöld í að bjóða upp á námskeið fyrir starfsfólk Höfðabergs. Starfsfólkið sótti námskeið fyrir vináttuverkefnið Blær, einnig var fræðsla frá Samtökunum 78. Allir sóttu netnámskeið á vegum BOFS um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Þá sóttu nokkrir starfsmenn ásamt stjórnendum Kraganámskeið sem ætluð eru fyrir leikskólustarfsfólk í kraganum.

Við munum halda áfram að bjóða starfsfólki upp á ýmis námskeið.

2.3 Ytra mat

Foreldrakönnun Höfðabergs var framkvæmd í febrúar 2024. Áður var könnunin framkvæmd annað hvert ár. Mosfellsbær hefur nú ákveðið að foreldrakönnun í leikskólum verði framvegis árlega. Könnunin verður í febrúar hvert ár. Næsta könnun verður því í febrúar 2025. Skólapúlsinn sér um framkvæmd könnunar.

Breyting hefur orðið á framkvæmd starfsmannakönnunar. Áður var hún árlega en nú eru kannanir sendar út á tveggja mánaða fresti. Þetta eru stuttar kannanir á vegum Moodup.

Niðurstöður Höfðabergs hafa verið góðar og þátttaka í þessum könnunum góð. Starfsánægja á Höfðabergi er yfir viðmiði.

Á 5 ára fresti er sótt um úttekt á leikskólanum til Menntamálastofnunar. Umsjón með því hefur Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar.

2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Foreldrakönnun Höfðabergs var framkvæmd í febrúar 2024, í kjölfarið var rýnt í niðurstöður og umbótaáætlun gerð. Könnunin kom mjög vel út og er Höfðaberg yfir landsmeðaltali í flestum matsþáttum könnunar.

Síðustu ár höfum við unnið með ýmsa þætti í starfinu, en tíminn hefur ekki verið okkur hliðhollur í vinnu við skólanámskrá leikskólans. Hún er því enn í vinnslu og stefnum við því að setja hana í forgang nú í vetur.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Endurmat
Skólanámskrá	Móta stefnu leikskólans fyrir börn á aldrinum 3-5 ára	Skólaárið 2024-2025	Stjórnendateymi leikskólans	Eftir 5 ár.
Útisvæði	Búið er að setja upp nýja svæðisskiptingu fyrir deildirnar (ágúst 2024). Vinnum áfram með það í vetur.	Skólaárið 2024-2025	Aðstoðarleikskóla-stjóri	Vor 2025
Endurmenntun starfsmanna	Þjóða upp á fjölbreytta endurmenntun fyrir starfsfólk	Skólaárið 2024-2025	Stjórnendateymi leikskólans	Vor 2025

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Vettvangsferðir

Höfðaberg er vel staðsett fyrir vettvangsferðir, það eru göngustígar allt í kringum okkur þar sem engin umferð er og við búum svo vel að hafa fjöruna innan seilingar. Strætó stoppar einnig við leikskólann sem tengir okkur við aðra staði í Mosfellsbæ. Við ætlum að leggja áherslu á að hver deild fari reglulega í vettvangsferðir að minnsta kosti tvisvar í mánuði og oftari í þemastarfinu.

Vettvangsferðir tengjast inn í þemastarfið en þá er farið oftari í markvissari vettvangsferðir, bæði í nánasta umhverfi og á bókasafn Mosfellsbæjar, í þekkingarleit fyrir það viðfangsefni sem deildir hafa valið að skoða nánar í þemastarfinu.

Þemastarf

Þemastarf verður í lotum þrisvar yfir skólaárið í mánuði í senn. Unnið verður með ákveðið yfirþema en starfsfólk ásamt börnunum velja sér viðfangsefni sem þau kjósa að kynna sér nánar. Inni þemastarfið fléttast allt skipulagt starf í leikskólanum og er það notað til að dýpka þekkingu barnanna á viðfangsefninu. Þemalotur er þrisvar yfir skólaárið, í september, janúar og apríl/maí og er þemastarfið verður metið eftir hverja lotu.

Áherslur leikskólans næsta skólaár

Verkefni	Markmið/leiðir	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Endurmat
Vettvangsferðir	Að hver deild fari a.m.k. í tvær vettvangsferðir í mánuði.	Skólaárið 2024 -2025	Deildarstjórar	Eftir hvora önn.
Þemastarf	Að deildir vinni að ákveðnu þemastarfi þrisvar sinnum yfir skólaárið.	Í september, janúar og apríl/maí.	Deildarstjórar	Eftir hverja þemalotu.

4. Starfsmannamál

4.1 Starfsmannahópurinn 2024

Stöðugildi í Höfðabergi eru frá 1. september 2024 40.8. Þann 1. september 2024 eru við störf 43 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Níu starfsmenn eru með annað móðurmál en íslensku, en það eru pólska, þýska, króatíska, úkraínska, ungerska, portúgalska, arabíska og spænska.

Leikskólakennarar í Höfðabergi eru níu og fimm starfsmenn hafa aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Mannauður Höfðabergs	Sept. 2024
Fjöldi starfsmanna	43
Fjöldi starfsmanna 0-1 árs starfsaldur	4
Fjöldi starfsmanna 1-5 ára starfsaldur	17
Fjöldi starfsmanna 5-10 ára starfsaldur	10
Fjöldi starfsmanna 10-20 ára starfsaldur	12
Fjöldi leikskólakennara	9
Fjöldi háskólamenntaðra starfsmanna	5
Fjöldi starfsmanna í leikskólakennara/þroskaþjálfanami	5
Annað móðurmál en íslenska	11

4.2 Starfsþróunarsamtöl

- Deildarstjórar ræða við nýja starfsmenn á deildinni sinni eftir 4 til 5 vikur í starfi.
- Deildarstjórar taka starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á sinni deild bæði á haustönninni og vorönninni.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri bjóða öllum starfsmönnum upp á starfsþróunarsamtöl að vori.
- Allir starfsmenn hafa greiðan aðgang að stjórnendum og geta óskað eftir samtali þegar þörf er á.

4.3 Símenntun síðasta árs

- Sérkennslustjóri var í diplómanámi í farsæld barna í HÍ.
- Allir starfsmenn fóru á 3 klst Blæ námskeið hjá Barnaheill.
- Allir starfsmenn fengu fræðslu frá Samtökunum 78.
- Þrír starfsmenn voru í þroskaþjálfanámi í HÍ.
- Einn deildarstjóri var í fagháskólanámi í leikskólafræðum.
- Skyndihjálparnámskeið var fyrir alla starfsmenn.
- Kraganámskeið fyrir starfsmenn.
- Ýmis rafræn námskeið.
- Allir starfsmenn sóttu netnámskeið forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Farsælt starfsfólk, farsæl börn – námskeið fyrir alla starfsmenn í september 2024.
- Einn deildarstjóri er í fagháskólanámi í leikskólafræðum.
- Þrír starfsmenn eru í þroskaþjálfanámi.
- Einn starfsmaður í leikskólakennaranámi.
- Einn starfsmaður í grunnskólakennaranámi.
- Kraganámskeið sem starfsmenn skiptast á að sækja.
- Ýmsir fyrirlestrar skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn

Börn í Höfðabergi	Sept. 2024
Fjöldi barna	161
3 ára börn	53
4 ára börn	59
5 ára börn	49
Fjöldi tvítyngdra barna	22
Fjöldi barna með báða foreldra erlenda	10
Fjöldi tungumála	15

Þau tungumál sem börnin í Höfðabergi tala eru íslenska, spænska, norska, danska, ungerska, rússneska, kínverska, pólska, portúgalska, sænska, litháíska, enska, búlgarska, rúmenska, tælenska.

5.2 Foreldrasamvinna

Höfðaberg varð sjálfstæð stofnun í júlí 2023, áður hafði Höfðaberg verið hluti af Lágafellsskóla. Foreldrafélag og foreldraráð var því stofnað í byrjun október 2023. Fundir í báðum nefndum var haldinn reglulega síðastliðið skólaár.

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári. Foreldrar eru boðaðir einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn í viðtal við deildarstjóra. Boðið hefur verið upp á annað hvort rafrænt viðtal, símaviðtal eða viðtal í Höfðabergi.

Vorið 2023 var nýjum foreldrum boðið í fyrsta sinn að koma í viðtöl áður en leikskólavist barna þeirra hófst. Við höfum haldið þessu áfram þar sem þetta hefur mælst vel til meðal foreldra. Í þessum viðtölum hitta foreldrar deildarstjóra og geta skoðað deildina áður en börnin byrja í leikskólanum.

Foreldrum er boðið í foreldrakaffi í lok nóvember eða byrjun desember þar sem foreldrar koma og fönndra með börnunum sínum. Í maí er opið hús í Höfðabergi þar sem foreldrar koma og skoða verk barna sinna.

5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir

- Samstarf Höfðabergs og Huldubergs um heimsóknir 3 ára barna frá Huldubergi. Þetta er hluti af aðlögun þessa aldurshóps yfir á Höfðaberg.
- Brúum bilið verkefni með Lágafellsskóla er samstarf um að brúa bilið milli leik- og grunnskóla. Skipulagðar heimsóknir 5 ára barna í Lágafellsskóla hefjast í janúar hvert ár.
- Gaman saman verkefni með dvalarheimili aldraðra í Mosfellsbæ. Elstu börn leikskóla fara í nokkrar heimsóknir á dvalarheimilið og syngja með eldri borgurum.
- Bókasafnsferðir á Bókasafn Mosfellsbæjar. Öll börn fara í sögustundir á bókasafnið.
- Elstu börn leikskólans fara í Hörpuna í boði Sinfóníuhljómsveit Íslands.

5.4 Almennar upplýsingar

Skóladagatal 2024-2025

https://mos.is/media/2024/03/2024-2025_leikskoladagatal.pdf

Farsæld barna

<https://mos.is/ibuar/velferd/farsaeld-barna>

Menntastefna Mosfellsbæjar

<https://mos.is/ibuar/born-og-ungmenni/menntastefna>